

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett sveitarféluginu samþykkt um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skv. 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Sveitarsjóður innheimtir skráningargjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda og ketti sem leyfi er veitt fyrir, sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- Skráningargjald fyrir hund er kr. 2.992.
- Skráningargjald fyrir kött er kr. 2.992

Skráningargjald er ekki endurgreitt við afskráningu. Innifalið í leyfisgjaldi er númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Líkt og segir í 3. gr. í samþykkt sveitarfélagsins um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skulu leyfis-hafar árlega, á tímabilinu október til nóvember, á eigin kostnað færa hunda sína til skoðunar og hreins-unar hjá dýralækni í samræmi við ákvæði XV. kafla reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti. Leyfishafar skulu fyrir árslok ár hvert framvísa á skrifstofu hreppsins kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði frá dýralækni um hreinsun og skoðun hunds. Geri leyfishafi það ekki er sveitarfélagini heimilt að rukka nýtt skráningargjald.

4. gr.

Af hundum og köttum sem handsamaðir eru og fluttir í gæladýrageymslu Skútustaðahrepps sam-kvæmt 4. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 22/2017 skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn/kötturinn á ný, kr. 5.463 vegna handsömunar í fyrsta sinn og 10.926 kr. í annað sinn.

Óskráða hunda og ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 28. nóvember 2018 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi nr. 1226/2017.

Mývatnssveit, 15. janúar 2019.

Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2019